



Fylgst með hugmynd um heimastjórnir

BAKSVIÐ

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is



Samþykki íbúar í fjórum sveitarfélögum á Austurlandi að sameinast í eitt kemur til framkvæmda metnaðarfull tilraun til íbúalýðræðis, svokallaðar heimastjórnir. Sveitarstjórnarmenn í byggðarlögum með marga þéttbýliskjarna líta til Austurlands í þessu efni. Ef þessi tilraun heppnast má búast við að það dragi úr andstöðu íbúa við sameiningu, á stöðum þar sem aðstæður eru hliðstæðar.

Íbúar á Fljótsdalshéraði, Seyðisfirði, Djúpavogi og Borgarfirði eystra ganga til kosninga um sameiningu nk. laugardag.

Spennandi tilraun

Ein af forsendunum fyrir hugsanlegri sameiningu er heimastjórnir sem kosnar eru í hverju byggðarlagi verða falin ákveðin völd á nærþjónustu. Rætt er um ákvarðanir um deiliskipulag, veitingu ýmissa leyfa og friðlýsingar, svo dæmi séu tekin. Þessi tilhögun byggist á tilraunaákvæði um stjórn og stjórnskipulag sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum og verður þetta í fyrsta skipti sem það er nýtt.

Sveitarstjórnarmenn sem tala fyrir könnun á sameiningu sveitarfélaga í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, líta til Austurlands í þessu efni og eru spenntir að sjá hvernig það verður útfært og hvernig til tekst. Það gera sveitarstjórnarmenn víðar.

„Mér finnst þetta spennandi tilraun og hef heyrt svipuð sjónarmið í kringum mig,“ segir Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Í hans sveitarfélagi eru fimm þéttbýliskjarnar og utan þess eru tvö sjálfstæð sveitarfélög með þéttbýliskjarna sem gætu þurft að sameinast á næstu árum.

Þær raddir heyrast í þéttbýlistöðunum sem sameinuðust Ísafirði á sínum tíma að þeir hafi orðið afskiptir. „Það er sama hversu ásetningurinn er góður hættan er alltaf sú að það sem menn hafa ekki fyrir augunum alla daga, er þeim ekki efst í huga. Þess vegna finnst mér spennandi að fylgjast með tilrauninni fyrir austan,“ segir Guðmundur.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Miðja Egilsstaðir verða stærsti þéttbýliskjarni sameinaðs sveitarfélags. Héraðsstjórnir verða yfir öllum núverandi hlutum sveitarfélagsins.

SAMEININGARKOSNING

5.000 manna sveitarfélag



Björn Ingimarsson

Fljótsdalshreppur er fjölmennasta sveitarfélagið af þeim fjórum sem lagt er til að sameinist. Þar eru 3.600 íbúar, 685 íbúar eru á Seyðisfirði, 472 á Djúpavogi og 109 á Borgarfirði eystra. Íbúar verða 4.800-4.900. Miðað við stefnu stjórnvalda verður Borgarfjörður að sameinast einhverjum fyrir næstu kosningar en Seyðisfjörður og Djúpavogur fjórum árum seinna.

Verði sameining felld í einu af þremur minni sveitarfélögum er sveitarstjórnir þeirra sem samþykktu heimilt að sameinast án nýrra kosninga.

Kosið er næstkomandi laugardag. Rúmlega 3.500 íbúar eru á kjörskrá og er kosningaréttur sá sami og í sveitarstjórnarkosningum.

Hann segir að þær myndu áreiðanlega koma til skoðunar ef teknar yrðu upp viðræður við nágrannasveitarfélög en þótt ekkert yrði af þeim þykir honum sennilegt að þeir sem ráða í Ísafjarðarbæ myndu skoða slíka valddreifingu innan núverandi sveitarfélags. Það ráðist væntanlega af því hvernig til tekst með útfærslu sameiningar fyrir austan. Íbúasamtök og hverfarád eru nú starfandi í Ísafjarðarbæ og geta forgangsraðað ákveðnu fjármagni en heimastjórnahugmyndin fyrir austan gengur lengra.

Engin ljón á veginum

Svo aftur sé vikið að sameiningunni í Sveitarfélagið Austurland,

Múlaþing, Austurríki eða hvað sem nýja sveitarfélagið mun heita þá er það mat Björns Ingimarssonar, bæjarstjóra á Fljótsdalshéraði og formanns samstarfsnefndar, að sameining verði samþykkt. Hann telur að engin mál séu uppi sem dragi úr möguleikum á því. Samgöngumál skipta íbúa miklu máli og þess vegna er það ákveðinn léttir að Fjarðarheiðargöng til Seyðisfjarðar og heilsársvegur um Öxi, á milli Djúpavogs og Héraðs, eru á fimm ára samgönguáætlun. „Þetta skiptir miklu máli til að sameinað sveitarfélag nái að virka vel en er ekki forsenda sameiningar. Ef við náum saman verðum við öflugri til að ná slíkum málum í gegn,“ segir Björn.